

Skógarvörðu undæmisins:
Daniel Kristjánsson.

Starfsskýrsla fyrir árið

1953

Undæmi:
Vesturland.

STARFSKYRSLA

skógarvarðarins á vesturlandi árið 1953.

1. Girðingar.

Á þessu ári hefur engin girðing verið girt einvörðungu á kostnað Skógræktar ríkisins á vesturlandi. Hinsvegar er unnið að nokkrum skógræktargirðingum með tilstyrk Skógræktarinnar, en engin þeirra fullgerð.

Þessar eru helztar:

Að Húsafelli er verið að girða 1800 m. langa girðingu í Húsafellsskógi, norður við Hvítá, og girðir hún enn fremur á einn veg. Það er Kristleifur Þorsteinsson á Húsafelli er stendur fyrir þessu verki og leggja Húsafellingar fram alla vinnu, er Skógrækt ríkisins leggur til efnivið allan.

Í Kalmanstungu er einnig verið að girða skógræktargirðingu er mun verða um 1 km. á lengd, en auk þess girðir Hvítá eina álmuna.² Kristófer Ólafsson bóndi í Kalmanstungu leggur fram alla vinnu en Skógrækt ríkisins leggur til efnivið allan.

Þá er undirbúningur hafinn að girðingu í Sauraskógi á Snæfellsnesi.

Allar þessar girðingar munu verða fullgerðar næsta vor.

Skógræktarfélag Dalasýslu girti 3 ha. skógræktargirðingu í Staðarfellsskógi í vor.

Nokkrir einstaklingar hafa og girt heimagirðingar, þar á meðal Vigfús Guðmundsson að Hreðavatnsskála.

Viðhaldskostnaður nokkurra skógræktargirðinga gerist nú allmikill, og verður ekki umflúið að endurgirða Jafnar-skarðgirðingu á komandi vori, en þar hafa verið gróðursettar

? Hvá
lang

flatar
mál v

girtar

tugir þúsunda af barrplöntum á undanfórnum árum og eru þessar plöntur þegar í bráðri hættu af ágangi sauðfénaðar, enda þótt miklum tíma sé varið til vörzlu árlega.

Þá er Búðahraunsgirðing á Snæflsnesi gjörónýtt og voru teknar 170 kindur úr þeirri girðingu í tveim smalamenskum í haust. Ég hef þegar lagt til að Búðagirðing verði minnkuð til muna, og endurgirt, en Snæfellingafélagið í Reykjavík er hefir afskipti af þessari girðingu vill ekki fallast á þá tillögu mína. Bændur í Breiðavíkurhreppi eru mjög óánægðir yfir þessu ófremdarástandi með Búðagirðingu og hafa tjáð mér að á næsta vori muni þeir rífa girðinguna upp, þar sem sauðfénaði stafi mikil hættu af henni.

2. Gróðursetning:

Á vegum skógræktarinnar voru gróðursettar ~~gróðursett-~~ plöntur í vor er eftirfarandi tafla sýnir.

| | Skógar- fura | Rauð- greni | Sitka- greni F.Bay | Sitka- greni Pak ² nh | Lerki |
|--------------------------|-----------------|----------------|--------------------------|--|-------|
| Stálpastaðir | 10000 | 8000 | | 4350 | 5000 |
| Hvammur Skorradal | 1000 | | 1500 | | 2500 |
| Jafnarskarðsg.v/Hreðav.v | 13000 | 1400 | 800 | | 3000 |
| Munaðarnesgirðing | 2000 | 300 | | | |
| Háafellsreitir Skorradal | | 500 | | | |
| Jörfareitur | 800 | | | | |
| Norðtungugirðing | 500 | | | | |
| Barmahlíðargirðing | 1000 | | | | |
| Systkinareitur Reykholti | 500 | | | | |
| Ýmsar girðingar | 4000 | | | | |
| | 32800 | 10200 | 2300 | 4350 | 10500 |

Skógrækt ríkisins greiddi ekki fyrir gróðursetningu í eftirfarandi girðingar: *p. e. gróðursetu. af sjálfvöðalíðum.*
 Iðnaðarmannafél. Borgarness annaðist um gróðursetningu í Munaðarnesgirðingu

Ungmannafél. Eldborg gróðursetti í Jörfagirðingu.

Skólabörn úr Stafholtstungum gróðursettu í Norðtunga-
girðingu undir handleiðslu kennara síns, Guðrúnar Einarsdóttur
frá Stóra-Fjalli.

Skógræktarfélag Austur-Barðstrendinga gróðursetti í
Barmahlíðargirðingu og ýmsir hafa gróðursett allverulegt magn
af plöntum.

Félagssamtök og einstaklingar hafa gróðursett mikið,
en stórvirkastur á því sviði er eigandi Jafnarskarðs, Friðrik
Þorsteinsson er gróðursetti 6000 barrplöntur í skógræktargirð-
ingu er hann lét girða á fyrra ári. Allu.

Margar hendur eru fúsar til að leggja fram hjálpar-
hönd við gróðursetningu, en þetta vinnuafli er of lítið nýtt
ennþá, og veldur þar um algjört skipulagsleysi sem full þörf
væri á að athuga.

3. Græðireitur.

Úr græðireitum voru ⁿ afhentar plöntur er hér greinir:

| | | | | |
|--------------------------------------|--------|------------|-----|---------|
| Stálpastaðir | 10.000 | skógarfura | 4/o | Uppruni |
| Hvammur Skorradal | 1.000 | -o- | 4/o | vantar. |
| Jafnarskarðsreit ^{skógrækt} | 10.000 | -o- | 4/o | |
| Ýmsar girðingar | 4.000 | -o- | 4/o | |
| samnt. | 25.000 | -o- | 4/o | |

Sáð var í reitinn 15. júní.

Skógarfura, Vestfjordomráðet, N-Noreg 2,5kg. í 122m²

Úr reitnum fæst næsta vor:

| | | | |
|--------------|--------|-----|-----|
| Lerki (Sibr) | 1.000 | st. | 1/2 |
| Skógarfura | 10.000 | " | 3/o |
| Birki | 3.000 | " | 3/o |

4. Skógarhögg.

Í vor unnu margir menn að grisjun á Stálpastaðum,
Hvammi í Skorradal og Jafnarskarðsskógi. Það er mjög tíma-
frekt verk að grisja hið þetta kjarr og draga það saman í kesti,
og lætur nærri að jafnmikil vinna fari í grisjun og gróðursetningu.

Þá var og umbætt grisjun að Stálpastöðum^{an} á því svæði er gróður-
sett var í sumarið 1952, en þá vannst ekki tími til að ganga
frá grisjuninni sem nauðsyn bar til. Grisjaður var reiturinn
að Háafelli í Skorradal.

5. Byggingar.

Á Stálpastöðum var innréttað verkamannaskýli í gam-
alli hlöðu. Er þetta rúmgóður salur með 10 rúrum, vandaður að
frágangi innra, en brýn nauðsyn að steipa utan á veggina.
Ennfremur var hlúð að gömlu baðstofunni og hún notuð til elda-
mennsku og einnig var borðað þar.

6. Laufgun og lauffall.

Skógur laufgaðist um 1. júní og lauffall varð um
30. sept. Fræár hið bezta er komið hefir á vesturlandi um
margra ára skeið.

7. Tíðarfar.

Vetur frá áramótum yfirleitt smjóléttur, en mjög
úrkomusamur fram til marzloka. Frá þeim tíma feikna kuldatíð
til 20. maí. Þá skifti um, og júnímánuður var frekar úrkomu-
samur og mjög hlýr. Sumarið hlýtt og gott fram til veturnátta.
Eftir það mjög umhleyppingasöm tíð, en jörð klakalaus nú á ára-
mótum.

8. Ferðalög.

Ég var um 210 daga fjarverandi í erindum skógræktar-
innar. Mjög oft var ég að Stálpastöðum, en þar hófust störf
í apríl, þá landmæling er þeir Baldur Þorsteinsson og Sig-
urður Blöndal framkvæmdu, og dvaldi ég þar einnig þann tíma og
öðruhvora fram í júlí. Auk þess skrifaði ég mörg bréf, svaraði
fyrirspurnum o.fl. í þágu Skógræktarinnar.

Helztu ferðalög voru þessi:

17 og 18 maí fór ég vestur í Dalasýslu og mældi fyrir skógræktargirðingu í Staðarfellsskógi.

20. og 21. maí fór ég ásamt skógræktarstjóra vestur í Sauraskóg á Snæfellsnesi.

17. júní leiðbeindi ég með gróðursetningu á 500 barrplöntum hjá Skógræktarfélagi. Dalamanna í nýrri skógræktargirðingu í Staðarfellsskógi og flutti þar einnig erindi.

4.-5. júlí var ég á aðalfundi Skógræktarfélagi Íslands að Laugavatni.

16.-17.-18. júlí fór ég ásamt Ragnari Ásgeirssyni ráðunaut í Bjarkarlund til að athuga girðingu þar, ennfremur athugaði ég Barmahlíðargirðingu og ræddi vil forráðamenn Skógræktarfélagi Austur-Barðstrendinga.

7.-8.-9. sept fór ég eftirlitsferð í Búdahraungirðingu og aðrar skógræktargirðingar á sunnarverðu Snæfellsnesi.

6.-7. okt. fór ég í eftirlits og fræsöfnunarferð vestur í Dalasýslu og víðar.

20.-23. nóv. fór ég vestur í Búdahraun vegna áskorana bænda í nágrenni girðingarinnar, er óska eftir úrskurði um hvað gera eigi við girðinguna.

Auk þeirra ferðalaga er að framan greinir fór ég til Reykjavíkur nokkrar ferðir, og fjölda margar ferðir víðsvegar um Borgarfjarðarháland til leiðbeininga í skógræktarmálum og á fundi. Þá hef ég annast um gróðursetningu á Hvanneyri, Varmalandi Snorraagarðs í Reykholti.

Margar beiðnir hafa mér borist frá Væstfjörðum um hjálp í ýmsu varðandi skógrækt, og verið beðinn að koma á fundi o.fl., en er bannað að sinna slíkum beiðnum frá vestfjörðum. Margir einstaklingar og félagssamtök hafa og leitað til mín um fyrirgreiðslu varðandi skógræktarmál.

Skógræktarstjóri
á Vesturlandi
Lauvald Kristjánsson